



Febrúar 2023

á íslensku

## Ég er elskuð / elskaður!

**Jesús horfði  
á hann með ástúð.** (Mk 10,21)

**Kontakt:** Meinolf Wacker  
Kirchplatz 7  
59174 Kamen

**Mobil.:** +49-172-5638432  
**Mail:** meinolf.wacker@go4peace.eu  
**Homepage** www.go4peace.eu

Kæru vinir go4peace,

Engu skiptir hversu ung eða gömul þið eruð, hvort sem þú ert kona eða karl, þá er þráin eftir að vera elskuð alltaf til staðar! Stundum veitir lífið okkur þær stundir þegar þessi þrá er uppfyllt. Sálfræðingar kalla slík andartök „tilverureynslu“. Mér var gefið eitt slíkt fyrir mörgum árum. Ég var að ganga á fjöll með vinum mínum. Við tjölduðum í rúmlega 2500 metra hæð. Svefn kom ekki til greina hjá mér þessa nótt. Ég lagðist því á stóran stein með svefnmottuna mína. Stjörnuþjartur himinn ljómaði yfir mér. Allt í einu varð ég svo uppnuminn af þessari sjón að ég grét. Ég, þessi litla manneskjan, lá í miðju þessa óendanlega alheims. Ég skynjaði að líf mitt var einstakt. Allt í einu áttaði ég mig: Fólk þarfnast þín, og elskar þig óendanlega! Þessi fullvissa hefur aldrei yfirgefið mig.

Ungur maður á frásagnartíma Biblíunnar hlýtur að hafa öðlast slíka reynslu. Hann hafði uppfyllt öll boðorð lögmáls Gyðinga, en það var honum ekki nóg. Það nægði ekki til að seðja hungur hans. Hann kom til Jesú með þessa þrá. Auðvitað vissi hann strax um hvað málið snerist. Hann skynjaði hungrið eftir því að vera elskaður. Jesús horfði á hann með ástúð.

Þannig eru áhrif köllunarinnar. Lífið umfaðmar þig. Og þér finnst þér vera ætlað stórt hlutverk. Þú þorir og leggur af stað. Ég hafði hitt Yuliu frá Úkraínu. Hún kom frá Cherson. Í gegnum tárin hafði hún sagt mér að Luchansky sjúkrahúsið í bænum hennar væri að verða rafmagnslaust. Við höfðum þegar skipulagt að senda þangað 9 rafstöðvar. En allt var uppselt alls staðar. En ég sagði við sjálfan mig: Reyndu aftur! Eftir tveggja tíma rannsókn á netinu fékk ég þetta hugboð: Leitaðu í eina mínútu í viðbót. Og ég hélt áfram. Og þar sem á heimasíðunni var áður sagt „uppselt“ og „ekki í boði núna“ fann ég nú stöð sem var með 7,5 kílóvatta afköst. Hún var afhent nokkrum dögum síðar. Þegar vörubílstjórinn kom að sækja rafstöðina, og ég sagði við hann: „Þetta er að fara til Kherson í Úkraínu!“ þá klappaði hann mér á öxlina með tárin í augunum og sagði: „That made my day! – Þakka þér fyrir að starfa í þágu annarra. Ég er líbanskur og veit hvað það þýðir að fá hjálp!“ Á því andartaki fann ég aftur fyrir því að ég var innilega elskaður, að lífið tók mig í faðm sinn – Guð umfaðmaði mig. Trúðu á það: Lífið vill líka faðma þig og sýna þér þetta: **Ég er elskaður / elskuð** – óendanlega mikið!

fyrir go4peace liðið

Meinolf Wacker